

Fundur 6.1.2025 Erlon, af álfakyni.

Komið öll blessuð og sæl,

heilsa ég ykkur og megi orka okkar vera með ykkur og fylgja ykkur eins og hægt er, og er ég þess fullviss að nánari tengsl á milli heimanna muni aftur færa Íslendingum blessun og styrkingu og okkar fólki einnig ánægjurík samskipti og góð ráð og aðstoð í margvíslegum kringumstæðum, eins og gerðist áður fyrr.

Og verðum við að brýna ykkur til að fara út í náttúruna og njóta hennar eins og kraftar ykkar og þrek megna, þar sem við náum ekki að tengjast ykkur né magnast svo mjög nálægt tæknivæddu umhverfi, en erum þeim mun öflugri út í náttúrunni og er okkur þar enn að finna og munum við ykkur liðsinna þar.

Gladdi það mig mjög að fyrir viku síðan, þegar verið var að undirbúa hátíð nokkra sem þið þekkið úr þjóðsögum og felur í sér merkilegar athafnir, var til mín leitað að koma á fund til ykkar, og brást ég vel við því.

En því miður varð ekki úr því og truflun varð á því sambandi, en kem ég nú hér í staðinn.

Heiti ég algengu nafni Erlon og hef ekki talað við ykkur áður, en hafði annar talað við ykkur áður undir því nafni einnig.

*Já þú ert ekki sami ?*

Nei ég vil í örfáum orðum fjalla um ógnir þær sem steðja að jörðinni og hvað gert er til ráðstöfunar og sundrung í orkunni veldur því að búast má við áframhaldandi hræringum og gosum á ykkar landi, getum við ekki farið út í þetta í smáatriðum, en erum við meðal þeirra sem reyna að aðstoða við að halda því í skefjum.

Þætti mér mjög gaman að segja frá hefðum okkar og lífurni, en get ég það ekki og eru það utan að komandi truflanir í ykkar umhverfi meðal annars.

Get ég ekki einbeitt mér og þakka ég fyrir gott samband, hér kom ég mörgum góðum fróleiksmolum í gegn og náði að magna ykkur og þakka ég fyrir mig og reyni að koma síðar, verið þið sæl.

*Þú ert sem sagt álfur, af álfakyni ?*

Já.

*Þakka þér fyrir komuna, þakka þér kærlega fyrir.*

Já.